



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAPJÓNUSTU

ORLOFSSJÓÐUR SFR

mars 2010

SFR á og rekur samtals 31 eign innanlands og verður með fjölmörg hús og íbúðir til framleigu yfir orlofstímann í sumar. Þær eignir sem félagsmenn SFR hafa því aðgang að eru:

Hús sem félagið á:

- 2 íbúðir í Reykjavík, á Grandavegi og við Sóltún.
- 2 íbúðir á Akureyri, við Hamratún og við Skálatún.
- 1 hús í Kjarnabyggð við Akureyri.
- 10 hús í Munaðarnesi
- 8 hús í Vaðnesi
- 2 hús í Húsafelli
- 1 hús í Skorradal
- 1 hús á Arnarstapa
- 4 hús á Eiðum

Hús sem félagið leigir sumarið 2010:

- Aðaldalur
- Brekkuskógur
- Illugastaðir
- Raufarhöfn
- Stykkishólmur
- Varmahlíð
- Vestmannaeyjar
- Súðavík
- Akurgerði (hundahús/gæludýr)
- Tjaldvagnar
- Hólasetur Biskupstungum
- 1 íbúð í Kaupmannahöfn, á Amager
- 1 hús á Spáni á Quesada Costa Blancaströndinni

Hótelmiðar, gjafabréf og annað í boði sumarið 2010:

- **Hótel Edda.** Til sölu á orlofsvefnum frá 1/6-7/8 Þrjár gerðir herbergja;
 - Tveggja manna herbergi með handlaug..... 5.800 kr.
 - Tveggja manna herbergi með baði..... 11.800 kr.
 - Tveggja manna herbergi með baði, sjónvarpi og síma..... 14.100 kr.

- **Fosshótel.** Til sölu fá orlofsvefnum frá 01.06.- 07.08

- 1-2 manna herbergi m/morgunverði 6.400 kr.

Í júní verður að greiða 5.000.- kr. aukagjald á eftirfarandi hótelum:

Fosshótel Skaftafell, Fosshótel Barón og Fosshótel Lind.

Greiða verður með tveimur miðum á hótelnunum í júlí og ágúst.

Hver félagsmaður getur keypt 7 miða á Eddu og Fosshótel.

- Miðar í Hvalfjarðargöng (kostnaðarverð, miðar seldir í stykkjatali á skrifstofu)
- Veiðikortið 2010 til sölu á skrifstofu kostar 4.800 kr. 1 kort á mann.
- Útilegukortið 2010 til sölu á skrifstofu kostar 10.000 kr. 1 kort á mann.

Nýjungar sumarið 2010:

Orlofsmálin eru sífellt til endurskoðunar á milli ára. Sumarið 2010 gerum við tilraun með að opna á vefnum fyrir bókanir í íbúðina í Kaupmannahöfn og húsið á Spáni fyrir allt sumarið. Nú geta félagsmenn ákveðið sjálfir hvaða vikudag þeir fara út og hvenær þeir koma til baka. Þeir eru því ekki lengur bundnir af því að vera í nákvæmlega viku með fyrirfram ákveðnum skiptidögum. Þessi tilraun kemur til af því að sumarið 2009 var sífellt verið að breyta flugdögum hjá flugfélögum og komu oft upp vandræði vegna þess. Einnig hafa félagsmenn óskað eftir því að geta farið í styttri ferðir.

Gjafabréf sem seld verða á vefnum frá 17. mars (hámark 7 bréf á mann):

- Gjafabréf frá Icelandair (andvirði 25.000 kr. kostar 20.000 kr.)
- Gjafabréf frá Iceland Express (andvirði 20.000 kr. kostar 15.500 kr.)

Opnað var fyrir bókanir í íbúðir í Danmörku og á Spáni þann 17. mars

Um er að ræða íbúð í Kaupmannahöfn og hús á Spáni fyrir tímabilið 14/5-03/9 í dag- og helgarleigu (eins og yfir vetrartímann).

Opnað verður fyrir bókanir innanlands í dag- og helgarleigu þann 1. apríl, eftir að sumarúthlutun lýkur

Nokkrum eignum verður ekki úthlutað heldur verða þær í helgar- og dagleigu í sumar og gildir þá reglan; fyrstur bókar fyrstur fær. Hægt verður að bóka allt orlofstímabilið. Þessar eignir eru:

- 1 íbúð í Vestmannaeyjum
- 1 hús í Munaðarnesi
- 1 hús í Vaðnesi

Orlofsávísanir 2010

Sótt er um orlofsávísanir eins og sumarhús (valkostur inni á umsókninni) og er þeim úthlutað eins og orlofshúsum. Orlofsávísanir fást ekki greiddar nema viðkomandi skili inn kvittunum til skrifstofu SFR frá **viðurkenndum ferðaþjónustuaðilum.**

Ekki er hægt að framvísa kvittunum fyrir þjónustu sem SFR eða önnur stéttarfélög bjóða sínum félögum. Hægt er að framvísa kvittunum t.d. fyrir gistingu utan orlofskerfa, skoðunarferðir, gönguferðir, hestaferðir, siglingar svo eitthvað sé nefnt. Ekki er hægt að framvísa kvittunum fyrir matarútgjöldum, almennum ferðakostnaði og eða eldsneyti.

Til að fá orlofsávísun greidda út verða kvittanir að vera á nafni og kennitölu viðkomandi félagsmanns.

Orlofspunktur fyrr og nú:

- Félagsmenn áunnu sér 6 orlofspunkta á ári fram til ársins 2008 en frá og með þeim tíma fá þeir 12 punkta þ.e. 1 punkt fyrir hvern unnin mánuð á árinu.
- Punktastaða er uppfærð árlega áður en páskaúthlutun fer fram.
- Punktar eru ekki notaðir sem greiðsla fyrir leigu heldur stýra því hverjir eru í forgangi á úthlutunartímum. Þeir sem eiga flesta punkta ganga fyrir um hús í úthlutun.

Punktar og úthlutanir:

- 0 punktar: Útilegukortið, Veiðikortið og miðar í Hvalfjarðargöng.
- 2 punktar: Hótelmiðar fyrir hvern miða.
- 6 punktar: Íbúðir og hús í dag- og helgarleigu, 6 punktar fyrir hvern sólarhring.
- 10 punktar: Gjafabréf og Orlofsávísanir.
- 20 punktar: Tjaldvagnar, sumarhús og íbúðir (tímabilið 14/5-28/5 og 20/8.-3/9.)
- 40 punktar: Sumarhús og íbúðir (tímabilið 28/5-20/8.)

Úthlutunartímabil:

- Úthlutunartímabil eru tvö, páskar og sumar.
- Umsóknartími fyrir páskaleigu er auglýstur í SFR blaðinu í janúar og er úthlutað seinnipartinn í febrúar.
- Umsóknartími fyrir sumarið er auglýstur í SFR blaðinu í febrúarlök og úthlutað er í byrjun apríl.


Umsóknir skulu fara í gegnum orlofsvef SFR sem finna má á www.sfr.is. Hér á eftir fer leiðsögn um það ferli;

1. Velja Orlofsvef SFR



Þá birtist upplýsingavefur orlofssjóðs og þar er hægt að velja bókunarvef.

2. Velja bókunarvef og þá birtist innskráningarsíða



Innskráning á orlofsvef

[Vafrinn þinn þarf að styðja cookies og JavaScript](#)

Kennitala:

Netfang:

Þarna skráir félagsmaður sig inn með kennitölu og netfangi. Athugið að **mjög mikilvægt** er að stafsetja netfangið rétt þegar maður skráir sig inn. Á úthlutunartíma sendir kerfið staðfestingu til baka á netfangið um að umsókn hafi verið móttækin og þar kemur fram úthlutunarnúmer sem félagsmenn geta notað ef þeir vilja breyta umsókninni fram að úthlutun.

3. Velja á milli BSRB og SFR

Kennitalan finnst hjá fleiri en einu félagi. Vinsamlegast veldu það félag sem þú vilt tengjast.


SFR ▾

Þarna er hægt að velja á milli SFR og BSRB, en BSRB er með hús í Munaðarnesi og Stóru Skógum sem félagsmenn aðildarfélaga BSRB geta leigt.

4. Þegar hér er komið við sögu birtist mynd og fyrir neðan hana valmöguleikar.

Orlofsvefur SFR

(Útskrá) Orlofsvefur (SFR)




Bókanir laust | Lausar vikur | Umsóknir og úthlutanir | Afsláttarávísanir | Kvittanir | Orlofshús | Verðskrá | Reglur | Punktar

Velkomin(n) á orlofsvef SFR

Í þessari valmynd geta félagsmenn skoðað hvar er laust, sótt um, greitt fyrir hús, sótt kvittanir ofl.

5. Veljið „Umsóknir og úthlutanir“



Orlofsvefur SFR

Útskrá Orlofsvefur (SFR)

Bókanir laust | Lausar vikur | **Umsóknir og úthlutanir** | Afsláttarávísanir | Kvittanir | Orlofshús | Verðskrá | Reglur | Punktur


Umsóknartímabil **Opið fyrir umsóknir á tímabilinu**

Páskar (28.1.2010 - 15.2.2010) [Sækja um](#)

Dagsetningin sem þarna kemur fram er tímabilið sem umsóknin er opin á netinu frá 28. jan.- miðnættis 14. feb.

En til þess að opna umsókn ýtið á „Sækja um“

6. Virkja umsókn



Orlofsvefur SFR

Útskrá Orlofsvefur (SFR)

Bókanir laust | Lausar vikur | **Umsóknir og úthlutanir** | Afsláttarávísanir | Kvittanir | Orlofshús | Verðskrá | Reglur | Punktur

5. Veljið dagsetningu

6. Endurtakið fyrir 2., 3., 4. val að eigin óskum. Athugið að möguleikar á úthlutun aukast eftir því sem fleiri kostir eru valdir.

Vista umsókn

Val	Landsvæði	Dagsetning
1	N0002 - Akureyri Hamratún	Tímabil 30.03.2010 - 06.04.2010
2	- Ekkert valið	Tímabil - Ekkert valið
3	- Ekkert valið	Tímabil - Ekkert valið
4	- Ekkert valið	Tímabil - Ekkert valið

Smellið á takkann við hliðina á 1 og þá virkjust landsvæðið. Til þess að sjá hvað er í boði þarf af að ýta á hornið, velja sér stað og færa sig síðan yfir í „Tímabil“ og ýta á hornið þar og velja sér dagsetningu. Þegar búið er að forgangsráða og velja sér alla þá staði sem til greina koma, er ýtt á „Vista umsókn“. Þá birtist umsóknin og þá þarf

félagsmaður að lesa hana yfir og „staðfesta“ að hún sé rétt og getur síðan valið að prenta hana út.

Þegar hér er komið við sögu er félagsmaður búinn að fá senda á netpóstinn sinn staðfestingu á að umsókn hafi verið móttækin og í henni er sérstakt umsóknarnúmer.

Ef breyta þarf umsókn:

Ef félagsmaður vill breyta umsókn þá skráir hann sig aftur inn á bókunarvefinn, velur lið sem heitir „Umsóknir og úthlutanir“, slær inn umsóknarnúmerið og ýtir á „breyta umsókn“ gerir þær breytingar sem hann vill og sendir svo umsóknina aftur. Þá á að koma önnur staðfesting með nýju umsóknarnúmeri í tölvupóst félagsmanns.

Ef félagsmaður hefur ekki aðgang að tölvu, er mjög gagnlegt að finna sér einhvern annan til að taka á móti svarinu þegar úthlutun er lokið. Til dæmis ættingja eða vini sem eru mikið í netsamskiptum. Þeir geta þá látið félagsmann vita eða gengið frá greiðslu fyrir viðkomandi svo hann missi ekki af úthlutuninni.

Með í úthlutunarbréfinu, eftir að umsóknarferli er lokið, er númer sem viðkomandi notar til að greiða úthlutun á vefnum undir liðnum „umsóknir og úthlutanir“.

Skiptir máli hvenær umsókn er send inn?

Nei, á umsóknartíma skiptir ekki máli hvenær umsókn er skilað inn. Sá félagsmaður sem sækir um á fyrsta degi hefur ekki meiri möguleika en sá sem skilar inn umsókn á síðasta degi. Það er sá félagsmaður sem er með hæstu punktastöðu sem fær úthlutað. Varðandi þetta þá skiptir máli hvernig hópur umsækjenda er samansettur, það er hvað þeir sem sækja um sömu vikuna eru með háa punktastöðu. Júlí og fyrsta vika í ágúst er vinsælasti tíminn. Ef félagsmenn merkja við fleiri staði og tímasetningar þá aukast möguleikar á úthlutun.

Þegar úthlutun er lokið:

Þeir orlofskostir sem ekki ganga út við úthlutun eru settir á netið eins fljótt og hægt er og gildir þá reglan „fyrstur bókar fyrstur fær“. Þessar vikur kosta það sama í punktum eins og hjá þeim sem fengu úthlutað nema annað sé tekið fram.

Ef félagsmaður fær ekki úthlutað því sem hann sótti um þá lendir hann sjálfkrafa á biðlista í ákveðinn tíma eftir að úthlutun er lokið.

Ef fólk gleymir að sækja um áður en umsóknarfrestur rennur út er ekki hægt að bæta því inn á biðlista. Félagsmenn sem fá úthlutað fá ákveðinn greiðslufrest til að ganga frá úthlutuninni en þegar þeim fresti er lokið þá er að úthlutað aftur eftir biðlista því sem

ekki var greitt og því sem var skilað. Þessi vinna við endurúthlutun getur tekið eina til tvær vikur. Eftir það er allt sem losnar sett á netið jafnóðum.

Endurgreiðslur:

Ef eign er skilað til baka með innan við viku fyrirvara er ekki um endurgreiðslu á leigu að ræða nema hún leigist aftur út og þá það sem innheimtist. Ef t.d. eignin leigist bara í helgarleigu en viðkomandi er með viku þá er það sem innheimtist endurgreitt til viðkomandi félagsmanns. Þetta á við um allt árið.

Ef um endurgreiðslu er að ræða er alltaf endurgreitt með sama greiðslumáta og notaður var við bókun þ.e. inn á kreditkort ef greitt var með kreditkorti o. s. frv.

Breytingagjald:

Ef breyta þarf bókun, og á það við allan ársins hring, kostar það 1000 kr. Þetta á ekki við ef bæta þarf við degi til eða frá, **bara** ef skipta þarf alveg um tímabil.

Góð regla fyrir brottför er að bóka sig inn á orlofsvefinn og prenta út nýja kvittun fyrir dvölinni. Ástæðan er sú að ef það verður einhver breyting í sambandi við húsið/íbúðina eða umsjónina þá uppfærast kvittunin. Inni á sumum kvittunum er líka liður sem heiti „Nánari lýsing“ muna að prenta hana líka.

Það sem alltaf þarf að muna fyrir brottför:

- Félagasmenn þurfa að hafa með sér allan sængurfatnað, handklæði, tuskur og viskastykki nema annað sé tekið fram.
- Reykingar eru stranglega bannaðar innanhúss í öllum eignum SFR.
- Dýrahald er stranglega bannað í húsum SFR nema annað sé sérstaklega auglýst og á það líka við um dýr gesta. Ströng viðurlög eru við broti á þessu banni.
- Félagasmenn sjá sjálfir um þrif á húsunum og þurfa að muna að skilja alltaf vel við því húsin eru sameign okkar allra og því betri umgengni því minni viðhaldskostnaður.